

Í takt við tímann?

Stafræn miðlun safna í menntunarlegum tilgangi
Stöðuskýrsla



SAFNARÁÐ

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	2
	Menntunarhlutverk safna	2
	Stafræn miðlun	2
	Könnun safnaráðs um stafræna miðlun viðurkenndra safna	3
	Framtíðarskref í upplýsingatækni	3
2.	Stafræn miðlun á söfnum	4
	Stefna varðandi stafræna miðlun/fræðslu	4
	Stafræn miðlun á sýningum	5
	Samfélagsmiðlar	6
	Vefsíður safna	7
	Stafræn miðlun safnkosts	7
3.	Menntakerfið	10
	Aðalnámskrá	10
	Stafræn miðlun í skólum	10
	Samstarf skóla og safna	12
4.	Staða erlendis – opin gögn til opinnar nýtingar	13
	Notkun á stafrænu myndefni safna erlendis	14
5.	Helstu hindranir varðandi stafræna miðlun	16
	Hindranir í notkun stafrænna leiða í sýningarstarfi	16
	Hindranir í notkun stafrænna leiða í safnfræðslu	16
	Lagalegt umhverfi – höfundarréttarmál	17
	Samningur Myndstefs og safna um birtingu úr safnmunaskrá	18
6.	Lokaorð	19

1. Inngangur

Á 164. fundi safnaráðs þann 5. september 2017 var samþykkt að næsta sérverkefni safnaráðs myndi fjalla um menntunarlutverk safna með áherslu á stafræna miðlun safna og hvernig stafræn miðlun nýtist í fræðslu. Metin yrði staða stafrænnar miðlunar á söfnum og skipulagt málþing um sama efni. Safnaráð taldi þörf á að athuga stöðu þessara mála hjá viðurkenndum söfnum, m.a. vegna þeirrar þróunar sem hefur orðið á þessu sviði erlendis. Umræða og mótun stefnu um notkun stafrænnar tækni í miðlun er komin lengra á veg í nágrannalöndum okkar og telur safnaráð að bæði sé mikilvægt að læra af þessari umræðu og taka þátt í henni.

Skipað var í sérfræðihóp til að halda utan um verkefnið: Þóra Sigurbjörnsdóttir (ritstjóri sérfræðihópsins) kennari og safnafræðingur hjá Hönnunarsafni Íslands, Dr. Anna Lísa Rúnarsdóttir sviðstjóri hjá Þjóðminjasafni Íslands, Ágústa Kristófersdóttir safnafræðingur og forstöðumaður Hafnarborgar, Tryggvi Thayer verkefnastjóri á menntavísindasviði Háskóla Íslands og Sólrún Harðardóttir kennari, tilnefnd af Náttúruminjasafni Íslands, auk Þóru Bjarkar Ólafsdóttur framkvæmdastjóra safnaráðs. Klara Þórhallsdóttir, verkefnastjóri kom einnig að ritun skýrslunnar. Sérfræðihópurinn starfaði veturinn 2017-2018 og vann þessa stöðuskýrslu.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum könnunar sem send var til viðurkenndra safna í mars 2018. Farið er stuttlega yfir atriði sem hafa áhrif á stafræna safnfræðslu og miðlun safna. Þá eru lög um höfundarrétt í tengslum við myndbirtingar á netinu, staða tækninnar í grunnskólum og tengsl við aðalnámskrá skóla rædd. Einnig eru nefnd dæmi um hvernig þessum málum er háttað erlendis, t.d. á Norðurlöndum.

Menntunarlutverk safna

Skýrslan *Fræðsla fyrir alla. Menntunarlutverk safna. Staða og stefna* kom út árið 2007 og var unnin fyrir safnaráð.¹ Þar er menntunarlutverk safna skilgreint og er sú skilgreining notuð hér. Tekið er fram að oft á tíðum sé orðið safnfræðsla einungis notað yfir þjónustu safna við hið formlega skólakerfi þegar safnfræðsla eigi í raun við um alla fræðslu af hendi safns til allra sem heimsækja það, hvort sem er inn í safnið sjálft eða á netinu.

Menntun og fræðsla er undirliggjandi í öllu safnastarfi. Söfnun, varðveisla, forvarsla og rannsóknir á safnkosti fer fram meðal annars í því skyni, að miðla megi þekkingu um liðna tíð, náttúruna og listir til samtímans og komandi kynslóða.²

Stafræn miðlun

Með stafrænni miðlun er átt við þegar t.d. texta, hljóði eða mynd er miðlað á formi sem læsilegt er í tölvu eða snjalltækjum á borð við spjaldtölvur og síma. Stafræn tækni er gríðarstór hluti af okkar daglega lífi. Í gegnum stafræna miðla nútímans miðlum við reynslu okkar, sköpum vettvang fyrir skoðanaskipti þvert á samfélög, eigum í samskiptum við stofnanir og fyrirtæki. Við sköpum nýjan og fjölbreyttan veruleika í stafrænum heimi t.d. í gegnum tölvuleiki eða ýmiskonar forrit. Þannig gegnsýrir stafrænn heimur okkar daglega líf og kemur með okkur inn á söfnin t.d. í formi síma.

¹Fræðsla fyrir alla. Menntunarlutverk safna. Staða og stefna. 2007. Reykjavík: Safnaráð. Sótt af: <http://safnarad.is/wp-content/uploads/2018/05/Fraedslafyriralla-1hluti.pdf>

Fræðsla fyrir alla. Menntunarlutverk safna. Niðurstöður könnunar. 2007. Reykjavík: Safnaráð. Sótt af: <http://safnarad.is/wp-content/uploads/2018/05/fraedslafyriralla-2hluti.pdf>

²Fræðsla fyrir alla. Menntunarlutverk safna. Staða og stefna, bls. 6.

Könnun safnaráðs um stafræna miðlun viðurkenndra safna

Eitt af markmiðum verkefnisins er að kanna hver staða stafrænnar miðlunar í menntunarlegum tilgangi sé hjá íslenskum söfnum. Með því fæst mikilvægur grunnur til að byggja á mótun stefnu um þessi mál. Könnun um stafræna miðlun á viðurkenndum söfnum var opin á umsóknarvef safnaráðs 14. mars - 10. apríl 2018. 41 af 46 viðurkenndum söfnum tók þátt í könnuninni og svarhlutfall því 89%. Könnunin tók ekki til höfuðsafnanna þriggja: Listasafns Íslands, Náttúruminjasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands.

Framtíðarskref í upplýsingatækni

Söfn vinna með skólum til að bjóða upp á ýmis formleg og óformleg námstækifæri. Sérstaða safna liggur helst í því að nám sem þar fer fram er óformlegt og ekki bundið af námskrám og regluverki skóla. Sýningar safna eru öllum opnar og hafa safngestir valfrlsi um hvaða þekkingu eða reynslu þeir sækja sér og hvernig. Söfn eru einnig í miklu samstarfi við skóla til að styðja við formlegt nám og verða að geta veitt aðgang að upplýsingum sem tengjast t.d. námsefni og markmiðum mismunandi árganga. Með nútímaupplýsingatækni er hægt að víkka út áhrifasvið safna og teygja það inn í skóla til að sinna betur safnfræðslu og bjóða upp á nýjar leiðir til að læra. Eftir því sem tækninni fleygir fram er mikilvægt að viðhalda tækninotkun og þekkingu innan safna þannig að þau geti gefið nemendum alls staðar að á landinu kost á að nálgast þá þekkingarauðlind sem býr í söfnum.

Víða erlendis er unnið að verkefnum sem miða að því að nýta betur tækni til að færa safnkost safna nær skólum og almenningi. Sem dæmi má nefna *Google Art Project*,³ *Europeana*⁴ og *ARTstor*⁵ þar sem hægt er að skoða á netinu milljónir verka af söfnum alls staðar að úr heiminum. Listasafn Íslands og Listasafn Reykjavíkur tóku meðal annarra þátt í verkefni tengdu *Europeana* (2011-2013) þar sem áhersla var lögð á nútímaverk.

Miðað við það starf sem á sér stað í skólum landsins þar sem stafræn tækni er nýtt og þær fyrirmyndir sem söfn hafa í þróun verkefna erlendis varðandi nýtingu stafrænnar tækni eru ýmis tækifæri fyrir söfn hér á landi til að taka þátt í eða vinna að ýmsum þróunarverkefnum er varða miðlun. Hægt er að líta til safna eins og *Statens Museum for Kunst* sem hefur sett sér það markmið að vera fremst á sínu sviði varðandi stafræna tækni og miðlun safnkosts.

Þróun upplýsingatækni hefur verið mjög ör undanfarna áratugi og er tæknilegur veruleiki sem við búum við í dag töluvert breyttur frá því sem áður var. Nútímatækni nýtist ekki bara til að flytja upplýsingar og gögn milli aðila heldur er hún notuð til að skapa nýja upplifun, umbreyta umhverfi fólks og skapa nýja heima, sem eru oft ólíkir því sem áður þekktist. Þrívíddartækni, sýndarveruleiki, gagnaukinn veruleiki og aðrar tækninýjungar sem eru að ryðja sér til rúms munu hafa töluverð áhrif á það hvernig fólk lærir. Framsæknustu skólar landsins nýta sér slíkar tækninýjungar nú þegar. Söfn geta orðið þátttakendur í innleiðingu nýrrar tækni til náms og kennslu og jafnvel verið leiðandi á sviðum sem tengjast sérstöðu þeirra sem eru að skapa fræðandi og áhugaverða upplifun sem leið til náms.

³ <https://artsandculture.google.com/>


⁴ <https://www.europeana.eu/portal/en>

⁵ <http://www.artstor.org/>

2. Stafræn miðlun á söfnum

Möguleikar safna til miðlunar hafa aukist svo um munar og hafa íslensk söfn í gegnum tíðina tileinkað sér ólíkar og fjölbreyttar leiðir til að miðla þekkingu og fróðleik. Fyrst og fremst gefur tækniþróunin kost á að dýpka og auka á upplifun gesta á sýningum, miðla fræðslu og þekkingu á safnkosti á fjölbreyttari hátt og til breiðari hóps í samfélaginu og aukið möguleika á samstarfi.

Stefna varðandi stafræna miðlun/fræðslu




Tafla 1

Það er mikilvægt fyrir þróunarstarf í stafrænni miðlun að stefna sé mótuð innan safnsins/safnanna. Söfn hafa úr takmörkuðu fjármagni að moða og eru yfirleitt fremur fámennar stofnanir, því þarf forgangsröðunin að vera skýr í verkefnum þeirra. Niðurstaða könnunar safnaráðs er að meirihluti safna eða 66% er ekki með sérstaka áætlun eða stefnu varðandi stafræna fræðslu (sjá töflu 1). Nokkur taka það fram að

þótt stefnan sé ef til vill ekki til skriflega þá sé á áætlun að vinna meira með stafræna miðlun, hvort sem er í gegnum samfélagsmiðla, vef safnsins eða inni á sýningum þess.

„Áætlanir eru uppi um að auka margmiðlun og tækni í tengslum við sýningar á komandi misserum eftir því sem fjárveitingar fást.“

Stafræn miðlun fræðsluefnis




Tafla 2

Á söfnum er unnið að gerð margvíslegs fræðsluefnis, fyrir nemendur sem koma í skipulega safnfræðslu og heimsóknir, en einnig er ýmislegt fræðsluefni tekið saman og gefið út með fjölbreyttum hætti. Þetta fræðsluefni er ekki oft haft aðgengilegt á vefsíðum safnanna miðað við

niðurstöður könnunarinnar. Þar var sérstaklega horft til þess hvort fræðsluefni væri miðlað með stafrænum hætti og þá hvernig. Niðurstöðurnar sýndu (sjá töflu 2) að 22 söfn eða tæplega 54% þátttakenda miðla fræðsluefni og/eða útgáfum á vef og er það langalgengasta miðlunarleiðin. 10 söfn eða um 24% semja fræðsluefni sérstaklega fyrir vefinn. 7 söfn eða innan við 20% miðla fræðsluverkefnum á vef og 17% kennsluleiðbeiningum. Einhver söfn tóku fram að fræðsluverkefni og/eða kennsluleiðbeiningar væru sendar í tölvupósti til þeirra hópa sem væntanlegir eru í safnfræðslu. Smáforrit eru mjög lítið nýtt í menntunartilgangi, eða hjá einungis 7% svarenda. Afar lítil áhersla virðist vera á gerð fræðsluefnis sem er sérstaklega unnið fyrir vef eða stafræna miðla.

Stafræn miðlun á sýningum



Tafla 3

Söfn hafa að einhverju leyti nýtt sér stafræna miðlun sem hluta af þeim sýningum sem settar eru upp. Oft er þessi leið farin til að gefa gestum kost á að afla sér viðbótarþekkingar á viðfangsefni sýningar, þar sem dýpra er farið í efnið í máli og/eða myndum. Tæplega helmingur svarenda sagði að margmiðlun væri hluti af sýningum safnsins, eða 20 af 41 (sjá töflu 3). Einungis þrjú þeirra telja að umfang margmiðlunar í sýningum sé miðlungs mikið, þ.e. að nokkuð margir þættir byggja á margmiðlun. Önnur söfn sem bjóða upp á margmiðlun meta að umfangið sé lítið, að einungis fáir þættir í sýningunni byggja á margmiðlun og að sýningin geti þannig staðið vel án hennar.

Margmiðlun, sem stafrænt efni, hentar vel til miðlunar utan veggja safnsins, t.d. á netinu. Slík miðlun gefur gestum tækifæri til að skoða efnið nánar að lokinni heimsókn, eða fyrir þá sem ekki eiga þess kost að sækja viðkomandi sýningu heim, að fá aðgang að því ítarefni sem safnið kemur á framfæri. Sjó safnanna segjast einnig veita aðgang að margmiðlun sinni utan sýninga safnsins, t.d. á vef. Við leit að efninu á vefsíðum safnanna fannst það hinsvegar ekki. Það vekur upp spurningar um hvað talið er vera margmiðlun á sýningum, þegar svör eru með þessum hætti.


Vefsýningar eru nýjung sem söfnin eru að byrja að vinna með sem miðlunarleið. Árið 2015 var fyrst boðið upp á vefsýningar í Sarpi, þar sem söfn geta valið saman skráningarfærslur með myndum og þannig útbúið vefsýningu sem aðgengileg er á sarpur.is. Samkvæmt skýrslu framkvæmdastjórnar Rekstrarfélags Sarps voru 39 vefsýningar í birtingu árið 2017 og hafði fjölgað um 11 frá árinu á undan.⁶ Um er að ræða bæði sýningar sem gerðar eru sérstaklega fyrir netið, en einnig eru dæmi um sýningar sem hafa verið settar upp í sýningarsölum. Einungis sjö af þeim 41 sem svaraði könnuninni, eða 17%,

⁶ Rekstrarfélag Sarps. (2018). Skýrsla framkvæmdastjórnar um starfsemi Rekstrarfélags Sarps árið 2017. (Sótt 27.08.2018 af <https://www.landskerfi.is/rekstrarfelag-sarps/fyrirtaekid/stjorn/adalfundir/adalfundir-yfirlit>)

höfðu sett upp vefsýningu. Í könnuninni var þó ekki gerður greinarmunur á þeim sem höfðu gert vefsýningu í Sarpi eða notað til þess aðrar leiðir.

Hljóðleiðsögn getur verið mikilvæg miðlunarleið, dýpkað fræðslu sem miðlað er á sýningum og bætt aðgengi blindra og sjónskertra að upplýsingum. Þá er þetta einnig valkostur þegar huga þarf að miðlun á mörgum tungumálum. Hingað til hefur slík miðlun krafist fjárfestingar í sérstökum búnaði, bæði inni í sýningunni og fyrir hvern gest, en þróunin hefur verið á þá leið að nýta í auknum mæli farsíma til að miðla hljóðleiðsögn. Einungis 5% safnanna í könnuninni buðu upp á hljóðleiðsögn. Ýmsar skýringar geta legið að baki því að söfn hafa svo lítið notað þessa miðlunarleið t.d. geta sýningaskipti verið ör og erfitt að vinna slíkt fræðslufni fyrir hverja sýningu, útfærsla getur verið vandasöm og kostnaðarsöm.

Samfélagsmiðlar




Tafla 4

Facebook til að miðla fræðslu til almennings, eða um 85%. Tæplega helmingur gerir slíkt í gegnum Instagram. Söfnin hafa nýtt sér þessa miðla bæði til að hvetja og vekja áhuga, en einnig til að leita til gesta eftir upplýsingum og koma á gagnvirkum tengslum. Eins og hér segir:

„Setjum reglulega inn færslur á Facebook og Instagram til að leyfa fólki að fylgjast með fjölbreyttu starfi safnsins og leitum til fólks varðandi gögn og upplýsingar.“

Einungis örfá söfn sinna fræðslu í gegnum YouTube og Vimeo. Snapchat og Twitter virðast ekki hafa náð upp á pallborðið hjá söfnunum. Tilraun var gerð til þess að vera með sameiginlegan aðgang, *Safnasnappið* árið 2016, sem söfn gátu notað til skiptis. Aðgangurinn var stofnaður af þremur safnmönnum, Ólöfu Vignisdóttur, Sólveigu Benjamínsdóttur og Þóru Sigurbjörnsdóttur að fyrirmynd *Samtaka ungra bænda* sem eru með aðgang sem flakkar á milli. Þetta þótti skemmtileg kynningarleið á því sem fer fram á söfnum á bak við tjöldin og fylgjendur bættust fljótt við. Öfugt við aðgang *Samtaka ungra bænda* sem hefur gengið í nokkur ár þá var *Safnasnappið* aðeins virkt í eitt sumar. Eftir það var erfitt að virkja söfnin til áframhaldandi þátttöku. Samfélagsmiðlar eru þess eðlis að þeir bjóða upp á virk samskipti milli notenda og gefa söfnum því tækifæri til að efna til samtals um ýmislegt sem tengist safnastarfinu og samfélagslegu hlutverki þeirra. Aðspurð sögðust 30 safnanna, eða 73%, hafa nýtt sér samfélagsmiðla undanfarið ár til að eiga í virkum samskiptum við notendur. Í könnuninni var spurt af hverju safnið nýtir sér samfélagsmiðla í fræðslutilgangi og gefnir nokkrir valkostir (sjá töflu 5).



Tafla 5

Átta söfn tóku ekki afstöðu til spurningarinnar. Algengast var að söfnin teldu þetta vera þægilega miðlunarleið, eða tæp 94% þeirra sem tóku afstöðu. Um 45% þeirra gerðu það vegna eftirspurnar frá almenningi, en 18% vegna eftirspurnar og/eða samstarfs við skóla.


Vefsíður safna

Öll söfnin sem tóku þátt í könnuninni halda úti vefsíðu, en 34 af 41 eru með eigin vef. Nokkur eru með það á áætlun að setja upp eigin vef. Sum nefna að það hafi hamlað vinnu á þessu sviði að vera ekki með vef sem þau geta stjórnað sjálf. Einnig hefur það áhrif á miðlun efnis að ekki er nægur mannaflí til að sinna þeirri vinnu.

„[...] Gerð fræðsluefnis og sýnileiki hefur beðið eftir nýrri gerð heimasíðu í um tvö ár. Sú heimasíða er nú loks að líta dagsins ljós og þá ætti ekkert að vera því lengur til fyrirstöðu að gera fræðsluefni safnsins aðgengilegt.“

Vefsíður safna eru afar mikilvægar í stafrænni miðlun safna til gesta. Þar koma fram helstu upplýsingar um opnunartíma, sýningar og viðburði. Miðað við niðurstöður könnunarinnar nýtir meirihluti viðurkenndra safna ekki vefsíður sínar til fræðslu. Vefsíður safna eru þó gluggi inn í söfnin og vettvangur safnanna til að nálgast þá gesti sem ekki komast á safnið.


Stafræn miðlun safnkosts



Tafla 6

Niðurstöður könnunarinnar sýna að 35 söfn af 41 eða 85% safna miðla safnkosti sínum á stafrænan hátt með einhverjum hætti, á meðan sex söfn (15%) miðla safnkostinum ekki stafrænt (sjá töflu 6). Mikill meirihluti svarenda, eða um 80%, miðlar safnkosti með stafrænum hætti í gegnum menningarsögulega gagnasafnið Sarp sem er algengasta skráningarkerfið. 5% nýta eigin vef til miðlunar hans. Af þeim sem nýta


Sarp, eru sjö söfn sem einnig miðla safnkosti á eigin vef og veita því aðgengi á fleiri en einum vettvangi (sjá töflu 7). Skráning safnkosts er þó komin mislangt hjá söfnum og ljóst er að miðlun hans á þá



Tafla 7

eingöngu við þann hluta sem skráður hefur verið í Sarp. Af þeim söfnum sem nýta sér Sarp eru tæp 44% sem hafa lokið við skráningu á meira en helmingi safnkosts, en rúmlega 56% hafa minna en helming safnkosts skráðan. Sambærileg hlutföll eiga einnig við, sé tekið mið af þeim 85% söfnum sem nýta einhvers konar veflægan gagnagrunn til að koma upplýsingum um safnkost sinn á

framfæri. Samkvæmt upplýsingum úr Skýrslu framkvæmdastjórnar um starfsemi Rekstrarfélags Sarps árið 2017 voru í árslok 2017 1.661.692 færslur skráðar í Sarp. Ekki eru allar færslur birtar á ytri vefnum og undir lok apríl 2018 var fjöldi birtra aðfanga á sarpur.is 1.248.978.⁷




Tafla 8

Þegar gögnin eru skoðuð eftir tegund safns má sjá að öll menningarminjasöfn og söfn með blandaða starfsemi miðla safnkosti með stafrænum hætti (sjá töflu 8). Aðeins eru sex söfn sem miðla ekki safnkosti sínum stafrænt, en þar liggja ólíkar skýringar að baki. Nánast engin náttúruminjasöfn hafa gerst aðilar að Sarpi. Rétt er að benda á að í Sarpi er að finna tólf mismunandi aðfangasnið,⁸ en ekki hefur verið þróað sérstakt aðfangasnið fyrir náttúruminjar. Árið 2013 var þróað sérstakt aðfangasnið fyrir myndlist/hönnun í samráði við Listasafn Íslands og hafa nokkur listasöfn gerst aðilar að Sarpi í kjölfarið. Átta af tíu listasöfnum sem tóku þátt í könnuninni miðla safnkosti með stafrænum hætti.

⁷ Rekstrarfélag Sarps. (2018). Skýrsla framkvæmdastjórnar um starfsemi Rekstrarfélags Sarps árið 2017. (Sótt 27.08.2018 af <https://www.landskerfi.is/rekstrarfelag-sarps/fyrirtaekid/stjorn/adalfundir/adalfundir-yfirlit>)

⁸ Bækur, fornleifar, hús, jarðfundir, ljósmyndir, munir, myndlist/hönnun, myntir/seðlar, skjöl, teikningar, þjóðhættir – svör og örnefnalýsingar.



Tafla 9

Grunnskráning í Sarp tekur mið af helstu upplýsingum sem safnið hefur um viðkomandi aðfang, s.s. heiti, efni, stærð og lýsingu, en einnig nafn þess sem gerði viðkomandi grip eða nafn ljósmyndara, nafn gefenda og notenda (ef þekkt er). Þessar upplýsingar gegna lykilhlutverki í því að gera skráningarfærslurnar leitarbærar. Mögulegt er að tengja stafrænar ljósmyndir við hverja færslu, sem eykur mikið gildi þessarar miðlunarleiðar. Ekki fylgja myndir með öllum færslum í Sarpí, þó einhver söfn vinni markvisst að því að fjölga myndum með sínum skráningum. Tæplega helmingur safnanna sögðust birta myndir með meira en helmingi færslna, en um helmingur þeirra birtir ekki myndir af safnkosti á netinu (sjá töflu 9). Fyrir einhver söfn er kostnaður við myndbirtingu vegna höfundarréttar hindrun og því hafa þau ekki birt myndir með færslum. Nánar er fjallað um þetta atriði í kafla 4.

3. Menntakerfið

Aðalnámskrá

Í fræðslustarfi safna er mikilvægt að taka mið af því sem fram kemur í aðalnámskrá, bæði hvað varðar innihald en ekki síður nálgun og umhugsunarefni sem lagt er upp með. Með því verður fræðslustarfið markvissara og betur í takt við nám nemenda almennt.

Aðalnámskrár eru á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins⁹ en menntamálaráðuneytið gefur út aðalnámskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Í gildandi aðalnámskrá er lögð áhersla á að byggja upp tiltekna hæfni og leikni nemenda fremur en að þar séu tíunduð þekkingaratriði í smáatriðum. Hún er opin um margt hvað snertir leiðir og innihald. Til grundvallar öllu námi hafa þó verið ákveðnir sex grunnþættir menntunar: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir, ásamt áherslupáttum laganna og námskrá, eru hugsaðir sem leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum. Þeir fléttast inn í allt og birtast í inntaki náms, í hæfni nemenda og í öllu mati.

Örvandi umhverfi eins og góð söfn passa sannarlega inn í þá mynd sem dregin er upp í aðalnámskránni af námi og kennslu. Þar kemur og skýrt fram að efla beri vitund um íslenska náttúru, íslenska menningu og virðingu fyrir menningu annarra þjóða. Söfnin geta þar lagt sitt að mörkum svo um munar. Komið er inn á í aðalnámskránni að nám eigi sér stað víðar en í skólum og það sé ævilangt ferli. Almenn menntun byggist á fjölbreyttu námi á meginsviðum menningar okkar, umhverfis og samfélags. Í námskránni er jafnframt talsvert talað um ólíka miðla, að vera læs á þá og talað er um hæfni til þess að meta efni þeirra og nýta á persónulegan og skapandi hátt. Auk þess er fjallað um mikilvægi þess að nemendur læri að nota fjölbreytta tölvutækni í verkefnavinnu. Rætt er um kunnáttu sem fólk þarf að tileinka sér til þess að geta notað tölvu- og nettækni til samskipta og efnissköpunar af ýmsu tagi. Það snýst um orð jafnt sem ljósmyndir, prentað mál jafnt sem tónlist, og það varðar allt litróf efnisumsýslunnar, þ.e. aðföng, úrvinnslu og miðlun.

Rafræn miðlun á vegum safna virðist mjög í anda aðalnámskrár, auk þess sem hún opnar fyrir aðgengi nemenda sem búa fjarri söfnunum. Vandað íslenskt rafrænt námsefni sem byggir á safnkosti ólíkra safna ætti að vera kærkomið. Í aðalnámskránni má segja að rennt sé stoðum undir það menntunarhlutverk sem söfn hafa, þó vissulega mætti kveða þar fastar að orði, en í aðalnámskrá er sárasjaldan minnst beinum orðum á söfn.

Stafræn miðlun í skólum

Enn skal ítrekað mikilvægi þess að setja menntunarhlutverk safna í samhengi við skólakerfið. Á undanförunum árum hefur verið mikil og hröð þróun á tæknilegu umhverfi skóla á öllum skólastigum en sér í lagi á grunnskólastiginu. Flestir skólar eru vel tengdir netinu og hafa yfir að ráða tölvum eða spjaldtölvum sem kennarar og nemendur geta nýtt í skólastarfi. Einnig hafa námskrárbreytingar skapað töluvert svigrúm fyrir kennara að þróa, prófa og innleiða nýja kennsluhætti sem taka mið af tækniveruleika skólanna. Þá er ekki aðeins vísað til tölvu og spjaldtölvu heldur einnig snjallsíma og annarra tækja nemenda sjálfra.

⁹ <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/>

Mismunandi er hvernig einstakir skólar hafa nýtt sér þennan sveigjanleika og svigrúm. Dæmi eru um skóla sem hafa nánast umbylt öllu skólastarfi með mjög framsæknum aðferðum sem byggja á möguleikum nýjustu tækni, en á sama tíma eru skólar sem hafa farið hægar í sakirnar. Það er því ekki hægt að draga upp samfellda mynd sem nær yfir allt skólaumhverfið. Gagnlegra er að lýsa mótunaröflunum sem eru til staðar. Við getum flokkað þessi öfl í forystuna, fylgjendurna og aðhaldið.

Forystan

Forystan er fljót að tileinka sér nýjustu tækni og er opin fyrir að prófa nýjar leiðir í skólastarfi. Tæknilegur veruleiki forystunnar er breytilegur vegna þess hve fljót hún er að tileinka sér nýjungar. Forystan sér í tækni fjölda möguleika og leitast við að móta hana eftir þörfum hverju sinni og í samræmi við eigin reynslu. Forystan er tilbúin til að miðla af eigin reynslu.

Eitt helsta verkefni forystunnar í íslenskum skólum í dag er að innleiða tæknivæddar smiðjur með þrívíddarprenturum, vínyskerum og annarri framleiðslutækni sem ýtir undir skapandi verkefnaþátt nám. Einnig er nokkuð um það að verið sé að nota sýndar- og gagnaukinn veruleika (e. *augmented reality*) til að gera nemendum kleift að upplifa umhverfi og aðstæður sem annars væru óaðgengilegar. Forystan lítur á forritun sem gagnlegt tæki fyrir skapandi skólastarf og eru farnar ýmsar leiðir til að kenna forritun og vekja áhuga nemenda á henni, t.d. með forritanlegum vélmennum. Tæknilegur veruleiki forystunnar byggist á almennri snjalltækjavæðingu samfélagsins, sem hún gefur sér að allir nemendur hafi aðgang að, hvort sem um er að ræða eigin tæki nemenda eða tæki í eigu skólans. Forystan notar tækni sérstaklega í þeim tilgangi að auka sköpun í skólastarfi, styðja verkefnaþátt nám og auka samþættingu greina.

Fylgjendur

Fylgjendur fylgjast vel með því sem forystan gerir og taka þátt í samræðum með henni um skólaþróun og tækni. Þeir eru opnir fyrir nýjum hugmyndum en eru tregari til að takast á við þá óvissu sem fylgir hraðri innleiðingu forystunnar.

Þegar þetta er skrifað eru fylgjendur komnir langt á veg í snjalltækjavæðingu. Algengast er að notuð séu tæki í eigu skólans. Mikill áhugi er á forritun meðal fylgjenda og eru farnar ýmsar leiðir til að kenna hana, t.d. með forritanlegum vélmennum. Fylgjendur eru þó ekki komnir jafn langt og forystan í notkun tækni til að samþætta námsgreinar og verður það oft til þess að forritun er innleidd sem afmörkuð námsgrein frekar en sem tæki til almennrar notkunar í námi. Innleiðingin á sýndar- og gagnauknum veruleika er ekki komin langt enda er hlutverk þessarar tækni í námi enn óljóst.

Aðhaldið

Aðhaldið treystir á kennslu- og námsaðferðir sem hafa sannað gildi sitt. Fyrir aðhaldinu er hlutverk tækni að styðja við þær aðferðir en það sér tækni ekki sem sjálfstætt breytingarafl. Aðhaldið er því tregt til að innleiða tækninýjungar og bíður gjarnan eftir að forystan og fylgjendur hafi lagað tiltekna tækni að skólastarfi áður en það tekur hana í notkun. Aðhaldið spyr frekar hvað tækni *gerir* en hvað það *getur gert* með tækni.

Áhugavert er að heimfæra þessa flokkun kennara í forystusveit, fylgjendur og þá aðhaldsömu yfir á safnafólk. Ef miðað er við niðurstöður úr könnuninni er ljóst að flest söfn eru í hópi fylgjenda og aðhalds. Forystan sem prófar og þróar miðlunarverkefni sem byggja á stafrænni tækni er lítt áberandi. Auðvelt er að álykta að meira samstarf skóla og safna kæmi báðum aðilum vel og gætu söfnin nýtt sér í meira mæli þá reynslu sem hefur víða byggst upp í skólum.

Samstarf skóla og safna

Í skýrslu safnaráðs frá árinu 2007, *Fræðsla fyrir alla. Menntunarlutverk safna. Staða og stefna* voru sett fram markmið og leiðir að markvissri fræðslu safna. Þriðja markmið skýrslunnar var að: „Söfn undirstriki sérstöðu sína sem vettvangur upplifunar og fræðslu“.¹⁰ Sem leið að þessu markmiði var nefnt að söfn gætu undirstrikað sérstöðu sína í tengslum við valfrelsi eða aðgengi að upplýsingum.

Skólar og söfn hafa átt gott samstarf. Nemendahópar koma reglulega í heimsóknir á söfnin og fá þar fræðslu um sýningar, safnið og safneignina. Heimsóknirnar hafa ákveðinn tilgang, þar sem gjarnan er sjónum beint sérstaklega að einhverju sem tengist því sem verið er að vinna með í skólanum. Flest söfn miða fræðsluna í slíkum heimsóknum við námskrár. Dæmi um slíka fræðslu má sjá hjá Listasafni Reykjavíkur¹¹ og Borgarsögusafni.¹² Söfn hafa einnig sett fræðsluefni tengt safneign sinni inn á vefi sína sem ekki tengjast beint heimsóknum á safnið, eins og gert hefur verið hjá Minjasafni Austurlands.¹³

Í könnuninni var spurt út í fjölda nemenda af öllum skólastigum, frá leikskóla til háskóla, sem kom í viðkomandi safn árið 2017 í formlega safnfræðslu. Samtals var þetta 62.231 nemandi. Ljóst má vera að þetta er umtalsverður hluti af fjölda allra nemenda, þótt vissulega megi reikna með að hluti einstaklinganna fari í fleiri en eina heimsókn og sé þar með talinn oftari en einu sinni. Þekkt er að aðaláherslan er lögð á að skipuleggja formlega safnfræðslu fyrir nemendur leik- og grunnskóla.

Meðalfjöldi nemenda sem heimsækir listasöfn er hæstur, skv. könnuninni eða 2.352. Menningarminjasöfnin fá að meðaltali 1.395 nemendur og náttúruminjasöfn 1.121. Önnur söfn með blandaða starfsemi, aðeins þrjú talsins, fá að meðaltali 342 nemendur til sín í safnfræðslu. Að meðaltali kemur ~3501 nemandi í söfn á höfuðborgarsvæðinu en aðeins ~790 í söfn landsbyggðarinnar. Yfir þessu má velta vöngum. Sú staðreynd að íbúar eru margfalt fleiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni skiptir væntanlega mestu máli. Vegalengd er stór áhrifaþáttur í því hvort safn er heimsótt eða ekki.

Söfn landsbyggðarinnar hljóta að íhuga stöðu sína varðandi það að ná til fleiri. Auk þess má benda á að höfuðborgin er borg allra landsmanna og hefur því ákveðnar skyldur við fleiri en þá sem þar búa. Söfnin, hvar sem þau eru, þurfa að íhuga leiðir til að nýta tæknina til að miðla fræðslu um sýningar sínar og gripi til þeirra sem ekki komast í sjálft safnið. Um leið opnast möguleikar á óhefðbundna miðlun og kennsluáferðir þar sem máttur tækninnar er nýttur.

Nefna má samstarfsverkefnið *Apmótun – tæknilæsi – myndlæsi – menningarlæsi* á milli Smáraskóla, Kópavogsbæjar, Listasafns Íslands og Menntamálastofnunar.¹⁴ Verkefnið er að frumkvæði Ingibjargar Hannesdóttur, kennara í Smáraskóla og hefur verið þrjú ár í mótun með styrk úr Sprotasjóði. Verkefnið snýst um að nemendur vinna að appi sem hægt væri að nýta í listkennslu. Nemendur fengu aðgang að safnkosti Listasafns Íslands og unnu appið með hjálp ýmissa sérfræðinga. Í Kópavogi hefur verið lögð áhersla á notkun spjaldtölvu á öllum skólastigum. Ætlunin var að prófa appið í listgreinakenndu vorið 2018. Þegar frumgerð appsins liggur fyrir og það hefur verið prófað munu samstarfsaðilar meta það hvort að gerður verði samningur um frekara samstarf.

¹⁰ Safnaráð, 2007, bls. 10

¹¹ <http://listasafnreykjavikur.is/fraedsla/fyrir-skola>

¹² <http://borgarsogusafn.is/is/borgarsogusafn/safnfraedsla/skolahopar>

¹³ <http://www.minjasafn.is/fraedsla/kennarinn-is>

¹⁴ <https://vimeo.com/264592928>

4. Staða erlendis – opin gögn til opinnar nýtingar

Í Danmörku og Svíþjóð hefur farið fram nokkur þróunarvinna varðandi möguleika í nýtingu stafrænnar tækni í öllu starfi safna. Umræða og frumkvæði að aukinni notkun stafrænnar miðlunar í Danmörku kom frá söfnunum sjálfum. MMEx (Museernes videntcenter for digital formidling, áður Meaning Making Experience¹⁵) er safnatengt verkefni sem stuðlar að aukinni stafrænni tækni inni á söfnum. Það hófst á Jótlandi árið 2011 og hefur síðan notið stuðnings frá yfirvöldum og söfnunum sjálfum.

Söfn í Danmörku geta leitað til MMEx og fengið aðstoð fagfólks við að þróa stafrænar fræðslu- og miðlunarleiðir.¹⁶ Eftir því sem verkefni hafa þróast hefur stafræn hugsun fléttast inn í allt safnastarfið. Sem dæmi um verkefni sem unnin hafa verið með hjálp MMEx er *Time entwined*.¹⁷ Þar standa nokkur söfn saman að tölvuleik þar sem nemendur fara í ákveðin hlutverk og þurfa að leysa verkefni í skólanum og inni á söfnum í grenndinni. Þemað er seinni heimsstyrjöldin í Danmörku og eftirmálar hennar. Leikurinn er hugsaður þannig að nemendur á mismunandi stöðum í landinu geti spilað hvert við annað. Verkefnið hefur þróast úr smáforriti yfir í hlutverkaspil á netinu og er enn í þróun. Þau söfn sem taka þátt í þessu verkefni fjalla hvert á sinn hátt um þennan tíma í sögu Danmerkur og hafa þar með eitthvað sérstakt fram að færa við heildina.

Annað verkefni sem má nefna er *Sharing is Caring* sem Statens Museum for Kunst (SMK) hefur staðið fyrir í samstarfi við MMEx, samtökum danskra safna og Danmarks Radio. *Sharing is Caring* hófst sem árleg ráðstefna árið 2011. Þemað er alltaf tengt gagnsæi og hlutdeild í stafrænum heimi. Á vefsíðu Statens Museum for Kunst er hægt að nálgast rit þar sem farið er yfir þau skref sem SMK tók að því markmiði að vera í fararbroddi safna í Danmörku varðandi notkun stafrænnar tækni.¹⁸ Tekið er sérstaklega fram að mikil breyting á eðli miðlunar safns, eins og hér er til umfjöllunar, og tengsla við almenning getur tekið á en að hún skili sér margfalt til baka í gegnum heimsóknir á vef safns og ekki síst inn í safnið sjálft. Statens Museum for Kunst hefur það að leiðarljósi að gagnsæi sé ráðandi varðandi safneign og miðlun hennar.

Í Svíþjóð er *Digisam* rekið sameiginlega af söfnum og stofnunum ríkisins. *Digisam* varð að stofnun árið 2017. Þar er lögð áhersla á samvinnu í tengslum við þróun stafrænnar miðlunar safna. Markvisst er unnið að því að tengja stafræna miðlun inn í starf safnanna og stuðla að hugarfarsbreytingu starfsfólks. Stafræn miðlun eigi að tilheyra öllu starfi safns en á ekki að vera aukaatriði sem komið er að eftir á og tengist þá yfirleitt sýningunum. Markmið *Digisam* er að gera menningararfinn aðgengilegan öllum í gegnum stafræna tækni og veita söfnum aðstoð við það. Á vef *Digisam* má nálgast samninga og leiðbeiningar sem söfn í Svíþjóð sem vilja efla stafræna miðlun geta nýtt sér.¹⁹

Í Danmörku og Svíþjóð eru því sérhæfðir aðilar sem eru söfnum til aðstoðar við að þróa stafrænar miðlunarleiðir. Söfnin reka þessi fyrirtæki í sameiningu með hinu opinbera og það virðist vera sameiginlegt viðhorf að þetta sé besta leiðin til þess að hægt sé að fara í þær breytingar sem þarf.

¹⁵ <http://mmex.dk/about-us/>

¹⁶ Söfn utan Danmerkur geta einnig leitað til MMEx um ráð varðandi leiðir í stafrænni miðlun.

¹⁷ <http://mmex.dk/portfolio-item/time-entwined/>

¹⁸ <http://www.smk.dk/en/about-smk/smks-publications/sharing-is-caring/>

¹⁹ <http://www.digisam.se/>

Notkun á stafrænu myndefni safna erlendis

Hjá söfnum kemur oft upp umræða um hvort veita eigi meira stafrænt aðgengi en nú er og um leið kemur fram ótti við meðferð almennings á þessum gögnum. Rannsóknir benda þó til þess að með því opna á stafrænt aðgengi að menningararfi sem varðveittur er á söfnum sé verið að opna leiðir til samskipta við almenning sem nýtir sér betur þann fróðleik sem söfnin hafa upp á að bjóða.

Safnastarfsmaður í Bandaríkjunum lýsir þessu svo: „Við höfum svo til enga stjórn og það hefur verið mikilvægur liður í því hve verkefnið hefur gengið vel.“²⁰

Gerð var rannsókn árið 2012-2013 á fimmtíu söfnum í Bretlandi og Bandaríkjunum er varðaði opið aðgengi að myndefni sem var ekki varið af höfundarrétti. Í niðurstöðum hennar var varpað ljósi á þá vinnu sem liggur að baki birtingu þessa myndefnis og veittar leiðbeiningar fyrir önnur söfn sem vilja fara sömu leið.²¹ Þar kom eftirfarandi fram:

- **Að opna á aðgengi er ákvörðun sem þarf að byggja á stefnu safnsins.**
 - Allir starfsmenn safna sem talað var við voru sammála um að eitt helsta markmið safna væri að mennta. Því væri gott aðgengi að myndum af verkum í safneign grundvallaratriði nú á tímum.
- **Söfn túlka opið aðgengi á mismunandi hátt.**
- **Það er mikilvægt að vinnuferlið eigi sér stað innan stofnunar.**
 - Tekið er fram að hvatning yfirmanna og stuðningur þeirra við verkefnið og starfsmenn sé grundvallaratriði í breytingum sem þessum. Breytingar geta orðið á eðli starfs einstakra starfsmanna.
- **Áhyggjur af því að missa stjórn fara minnkandi.**
 - Söfn hafa í langan tíma getað stjórnað því hverjir fá að nota myndir frá þeim og þannig reynt að sjá til þess að myndirnar séu ekki nýttar á óviðeigandi hátt. Versti ótti safnafólks varðandi ósæmilega notkun hefur ekki ræst eftir að opnað var á aðgengi að myndefninu.²²
- **Tækni skiptir máli.**
 - Tæknin til að gera safneignina aðgengilega skiptir máli varðandi afgreiðslu myndefnis.²³
- **Tekjur af afgreiðslu mynda skipta ekki eins miklu máli.**
 - Miðað við reynslu þeirra safna sem tóku þátt í könnuninni þá þótti það skipta meira máli að opna á aðgengi að stafrænum myndum af verkum í safneign, heldur en að ná inn tekjum af afgreiðslu þessara mynda.
- **Breytingar eru af hinu góða.**
 - Ekkert af söfnunum sem tóku þátt í rannsókninni vildu loka á aðgengið. Þrátt fyrir að vita ekki alltaf hvar myndir frá þeim væru að birtast og þó að vinnuálag hefði aukist eitthvað. Allir voru sammála um að breytingarnar hefðu stuðlað að samstarfi á milli þeirra og annarra og almennt haft jákvæð áhrif á verkefni safnanna.

²⁰ William Noel, *Walter's Art Museum - Kellym* 2013, bls. 26 – 30.

²¹ Kristin Kelly. 2013. *Images of Works of Art in Museum Collections: The Experience of Open Access. A Study of Eleven Museums*. Sótt af: <http://msc.mellon.org/msc-files/Open%20Access%20Report%2004%2025%2013-Final.pdf>

²² Þegar rannsóknarniðurstöður voru birtar árið 2013.

²³ Hér á landi býður Sarpur upp á að hægt sé að panta myndir frá söfnum.

Einn stærsti þröskuldur opins aðgengis var að starfsfólki safnanna fannst það missa stjórn á myndunum. Að almenningur myndi nota þær á ósæmilegan hátt og safnið yrði því tengt við myndbirtingu sem þætti ekki við hæfi. Einn safnstjóri úr rannsókninni benti starfsfólki sínu á að með einfaldri google leit að verki úr eigu safnins mætti sjá að þeir hefðu þá þegar enga stjórn á þessum málum. Myndir sem birtust efst í leitinni væru e.t.v. teknar af safngesti en að safnið væri hinsvegar nefnt í sama vettvangi sem eigandi verksins. Myndin gæti verið í mun verri gæðum en ef safnið sjálft hefði sent frá sér myndina. Með því að bjóða myndina í betri gæðum til afnota fyrir fólk ættu söfnin frekar þátt í að mennta almenning um verkið og koma því „rétt“ til skila. Í þessu samhengi er áhugavert að skoða ferlið hjá British Museum varðandi aukið aðgengi að myndefni. Þar lýsti starfsfólk því að auðvelt hefði verið fyrir það að færa sig yfir í hugsunarhátt um opið aðgengi. Ein af ástæðunum fyrir því var að British Library hafði verið hluti af British Museum og *bókasafnshugsunin* um aðgengi að upplýsingum hefði smitað út frá sér.


Ekki liggur fyrir hvert viðhorf íslenskra safnamanna sé til slíkrar opinnar miðlunar myndefnis sem varðveitt er af söfnum eða mynda af þeim gripum sem söfn varðveita. Hröð þróun tækni og breytingar á hugmyndum um hvað sé gott aðgengi kallar á að safnmenn myndi sér skoðun á málinu og setji sér stefnu til framtíðar. Í *Safnastefnu á sviði menningarminja* frá árinu 2017 er ekki fjallað um nýsköpun í stafrænni miðlun með beinum hætti. Ytri vefur Sarps er þar tilgreindur helsta nýjungin í stafrænni miðlun, þó vissulega sé hvatt til nýsköpunar í miðlun án þess þó að taka beina afstöðu til þeirra möguleika sem nútímatækni býður upp á.²⁴

²⁴ http://www.thjodminjasafn.is/media/utgafa/Thjodm_A4_Safnastefna_2017_WEB_120dpi.pdf (sótt 24.05.2018)

5. Helstu hindranir varðandi stafræna miðlun

Þegar spurt er um hvað komi helst í veg fyrir að söfn nýti sér í auknum mæli stafrænar leiðir í sýningar- eða fræðslustarfi er mynstrið svipað meðal safna. Stærstu hindranirnar sem taldar eru upp eru skortur á mannafla, tíma og peningum, stef sem er endurtekið ítrekað. Miðað við erlenda reynslu eins og lýst er í 4. kafla þarf frumkvæðið að innleiðingu og notkun stafrænnar miðlunar að vera í höndum safnstjóra, ekki síst á söfnum þar sem fáir starfa.

Hindranir í notkun stafrænna leiða í sýningarstarfi



Tafla 10

yfirmanna/eigenda safnsins væri ástæðan, eða að stafrænar miðlunarleiðir þóttu ekki eiga heima innan sýninganna og var einnig vísað í sýningarstefnu safnanna.


„Umhverfishljóð eru mikilvægari, hjal í bæjarlæknum og fuglasöngur í garði, mýri og grjóthleðslum á hlaði; sem sagt: ótæknivædd upplifun!“

Það er því ljóst að stafræn miðlun er ekki alltaf talin bæta þá upplifun sem safnið vill veita gestum sínum. Einnig kom fram í könnuninni að óvissa með birtingu á höfundavörðu efni og jafnvel hvað flokkast undir höfundavarið efni er hindrun fyrir söfn til þess að nýta sér stafrænar leiðir, bæði í sýninga- og safnfræðslustarfi.

Hindranir í notkun stafrænna leiða í safnfræðslu

Þegar kemur að nýtingu stafrænna leiða í safnfræðslu nefna 78% svarenda skort á mannafla sem hindrun (sjá töflu 11). Rétt rúmur helmingur eða 58% telja að kostnaður sé ein af hindrunum og helmingur svarenda merkja við að skortur á tíma komi í veg fyrir nýtingu stafrænna leiða í fræðslu. 29% safnanna telja að skortur á þekkingu sé hindrun og 26% taka fram óljósan ávinning. Nefnt er að bein og persónuleg samskipti virki vel gagnvart nemendahópum sem koma á sýningar safnsins. Þá er ekki tekið inn í myndina að safnfræðsla eigi sér stað á vefsíðum safnanna eða með samskiptum í gegnum t.d. samfélagsmiðla. En eins og tekið er fram í inngangi þá er safnfræðsla öll fræðsla sem innt er af hendi safns til allra sem heimsækja þau, hvort sem er inn í safnið sjálft eða á netinu.

Nokkrar spurningar sneru að miðlun fræðsluefnis í könnuninni og ljóst er að mörg söfn vinna að góðum verkefnum sem eiga eftir að verða aðgengileg á vefsíðum safnanna. Hins vegar kemur það



glögg fram að þær ástæður sem liggja að baki því að söfnin hafa ekki bolmagn til að útfæra og koma efninu í stafræna miðlun eru af sama meiddi hjá þeim flestum. Aðallega benda svörin til þess að skortur sé á mannafla og fjármagni en einnig liggur vandinn í að finna hentuga leið í miðlun þar sem úr svo mörgu er að velja. Eftirfarandi svör úr könnuninni má telja lýsandi fyrir stöðu margra safna:

Tafla 11

„Eins og fyrir segir [...] þá eru uppi áform um að auka stafræna þjónustu verulega. Með heimsóknnum grunn- og menntaskólanema hefur það komið til tals. Nemendur nýta sér vissulega þann fróðleik sem [...] er að finna á heimasíðunni í heimildaöflun sinni. Betur má ef duga skal. Þessi spennandi vettvangur er tímanná tákni og þarf að vanda til og gefa sér tíma. Það sem stendur eftir; hvar fær maður mannskap og tíma?“

Enn önnur söfn hafa ekki leitast sérstaklega eftir aukningu í stafrænni miðlun en leggja þeim mun meiri áherslu á persónulega miðlun með lifandi leiðsögn til að viðhalda ákveðinni stemningu.

„Sýningarstefna er að viðhalda gamaldags anda byggðasafna og heimilisbrag á safninu. Áhersla lögð á mannleg samskipti og lifandi leiðsögn.“

Það viðhorf sem birtist í sumum svörum safnanna bendir til þess að söfnin þekki ekki þá þróun sem átt hefur sér stað innan skólakerfisins. Samstarf við þá skóla sem leggja áherslu á stafrænar kennsluáferðir getur boðið upp á möguleika á skemmtilegri stafrænni miðlun án þess að gefinn sé afsláttur á bein og milliliðalaus samskipti.

Ef safn velur að vinna ekki markvisst með stafræna miðlun sem fræðslumöguleika getur slíkt endurspeglað skýra stefnu safnsins. Því þó að miðlun inni á sýningunni sé ekki með stafrænum hætti þá útilokar það ekki að þann möguleika að söfn geti nýtt sér netið á skapandi hátt til að koma upplýsingum til skila til þeirra gesta sem vilja kynna sér safneignina betur.

Lagalegt umhverfi – höfundarréttarmál

Eitt mikilvægasta úrlausnarefnið þegar kemur að því að miðla upplýsingum um safnkost safna með stafrænum hætti er hvernig fara beri með höfundarrétt á þeim verkum sem upplýsingum er miðlað um. Þetta er alþjóðlegt úrlausnarefni sem unnið er að lausnum á víða um heim og farnar mismunandi leiðir að.

Höfundarréttur verndar réttindi höfunda en getur um leið takmarkað aðgengi almennings að upplýsingum um menningarverðmæti sem opinberar stofnanir varðveita. Efnið er ákaflega misjafnt og misjafnlega verðmætt í viðskiptalegu tilliti (e. *commercial value*).

Í umræðum um þá þætti menningar síðustu aldar sem enn eru í höfundarrétti þá er gjarnan talað um 20. aldar svartholið, þar sem magnið af efni er gríðarlegt en það sem gert hefur verið aðgengilegt er aðeins brotabrot af því. Meginreglan er sú að höfundarréttur hvílir á verkum allt þar til 70 ár eru liðin

frá andláti höfundar. Svo er litið á í höfundalögum að höfundarréttur hvíli á ljósmyndum af verkum með sama hætti og á verkinu sjálfu og skuli greitt fyrir afnot af ljósmyndum af verkum eins þótt þau verk séu í eigu opinberra safna, með þeim undanþágum sem höfundalög veita.²⁵

Markmið með stafrænni miðlun upplýsinga um safnkost er að gefa almenningi og nemendum kost á að nálgast upplýsingarnar sjálfir og læra í gegnum leik. Til þess að það sé hægt þarf að aflétta takmörkunum eins og mögulegt er, gefa leyfi til endurbliðunar, skapa tól til að skoða, leika og endurmiðla því stafræna efni sem söfnin varðveita.

Annað sem skoða þarf í þessu samhengi er sæmdarréttur höfunda og hvers konar leyfi nemendur og aðrir geta tekið sér til að endurnýta verk annarra eða „remixa“ þau. Dæmi eru um að slík endurnýting verka hafi farið fyrir dómstóla og því er brýnt að hugað sé að því áður en nemendur fá að leika lausum hala. Söfn, og einnig höfundarrétthafar, þurfa að vera meðvituð um hversu langt þau eru tilbúin til að leyfa nemendum að ganga í endurvinnslu á efni listamanna/hönnuða. Þarna takast á tvö sjónarmið – annars vegar að læra í gegnum leik og hins vegar sæmdarréttur og tilfinningar handhafa höfundarréttar í garð endurvinnslu.

Eins og bent er á í þessari skýrslu þá er reynsla þeirra sem veitt hafa slíkan frjálsan aðgang að sínum safnkosti góð. Fjöldamörg söfn beggja vegna Atlantshafsins hafa veitt almenningi aðgang að myndum af verkum í safnkosti sínum undir svokölluðum Creative Commons höfundarréttarákvæðum sem fela í sér að almenningi er veitt leyfi til að nýta myndefni með frjálsari hætti en höfundarréttarlöggjöf gerir ráð fyrir. Áhugaverð dæmi má sjá bæði í [Rijksmuseum](https://www.rijksmuseum.nl/en/rijksstudio?ii=0&p=0&from=2018-02-15T17%3A31%3A37.3983991Z)²⁶ í Hollandi og í [Metropolitan](https://www.metmuseum.org/blogs/digital-underground/2017/open-access-at-the-met)²⁷ safninu í New York. Verkin sem um ræðir hér eru í flestum tilvikum komin úr höfundarrétti – en stofnanirnar veita óheftan aðgang að ljósmyndum af verkunum.²⁸

Samningur Myndstefs og safna um birtingu úr safnmunaskrá

Greiðsluvilji almennings virðist lítil þegar kemur að greiðslu fyrir stafrænt efni safna. Á síðustu árum hefur þó orðið mikil breyting frá því að notendur keyptu stafræn eintök af einstökum verkum, t.d. tónlist og kvikmyndum yfir í svo kallaðar streymisveitur þar sem notendur kaupa áskrift að nær ótakmörkuðu efni. Á árinu 2018 hefur verið unnið að því að skapa slíka lausn á aðgengi almennings að myndum af safnkosti viðurkenndra safna þar sem söfnin myndu greiða höfundarréttarsamtökum fyrir birtingu myndanna í safngripagagnagrunni, með samningi Myndstefs²⁹ og viðurkenndra safna og safna í opinberri eigu. Almennings væri heimilt að deila þeim myndum svo lengi sem að það er ekki gert í hagnaðarskyni. Hugmyndin með þessum samningi er að opna á möguleika til að nýta myndefni safna í skólakerfinu án endurgjalds. Ef af þessum samningi verður mun hann gjörbylta nýtingar- og kynningarmöguleika safna á sínum safnkosti, auka til muna aðgengi almennings að menningararfinum auk þess að opna fyrir möguleika menntakerfisins til að fræða nemendur um íslenskan list- og menningararf. Miklar vonir eru bundnar við að samningur af þessu tagi á milli og viðurkenndra og ríkissafna annars vegar og Myndstefs hins vegar verði að veruleika.

²⁵ Sjá höfundalög nr. 73/1972.

²⁶ Sjá: <https://www.rijksmuseum.nl/en/rijksstudio?ii=0&p=0&from=2018-02-15T17%3A31%3A37.3983991Z> (sótt 05.09.2018)

²⁷ Sjá: <https://www.metmuseum.org/blogs/digital-underground/2017/open-access-at-the-met> (sótt 05.09.2018)

²⁸ <https://creativecommonsusa.org/index.php/2018/02/23/open-culture-brings-rare-paintings-to-public-domain/> (sótt 22.05.2018)

²⁹ Tilgangur Myndstefs er að fara með höfundarétt félagsmanna vegna opinberra endurbirtinga og sýninga á verkum þeirra og stuðla að almennri höfundaréttargæslu á þessu sviði. Aðilar að samtökunum eru félög; myndlistarmanna, ljósmyndara, teiknara, leikmynda- og búningahöfunda, arkitekta, hönnuða og ýmissa annarra stofnanna og einstaklinga sem fara með höfundarétt myndverka. Sjá <https://myndstef.is/um-myndstef/>

6. Lokaorð

Markmið verkefnisins sem hér hefur verið kynnt er að meta hver staðan sé í notkun stafrænnar miðlunar í menntunarlegum tilgangi á söfnum á Íslandi. Könnun var því send til allra viðurkenndra safna. Svörun var góð þar sem 41 af 46 söfnum tók þátt og ættu því niðurstöðurnar að gefa góða mynd af stöðunni.

Á tímum ofurtengingar þar sem við erum svo að segja með heiminn í höndunum í gegnum símana getur verið erfitt að fóta sig. Ótal möguleikar eru í boði fyrir söfn að ná til almennings og gesta og mikil samkeppni er um athygli fólks. Ef söfn eru ekki hluti af hinum stafræna heimi þá eiga þau á hættu að missa gildi sitt fyrir gestum nútíðar og framtíðar. Námsefni á vef, gerð vefsýninga, Facebook-síður, Instagram-aðgangur og fleira kostar tíma, mannafla og fjármagn. Tæknin breytist ört og erfitt getur verið að fylgjast með. Safnmenn þurfa að meta hvernig miðlun hentar safninu eða sýningunum. Söfn virðast ekki hafa markað sér stefnu þegar kemur að stafrænni miðlun í menntunarlegum tilgangi og því er starfið á þessum vettvangi ekki nægilega markvisst. Möguleikar stafrænnar miðlunar virðast vera misvel nýttir hjá íslenskum söfnum miðað við niðurstöður könnunarinnar. Mörg söfn halda úti vefsíðum, þó að þær séu ekki nýttar markvisst til fjölbreyttrar miðlunar og lítið er um fræðsluefni sem er sérstaklega ætlað fyrir vefinn. Flest söfnin miðla upplýsingum um safnkost sinn á netinu, m.a. í gegnum Sarp. Fá söfn hafa þó unnið að gerð vefsýninga í gegnum Sarp.

Samfélagsmiðlar eru hluti af daglegu lífi fólks og um leið hluti af stafrænni miðlun og samskiptum safnanna. Flest söfnin nýta sér Facebook og Instagram sem miðlunar- og samskiptaleið. Önnur notkun á stafrænni miðlun t.d. með notkun einhverskonar smáforrita er takmörkuð.

Könnun safnaráðs gefur til kynna að staðan í stafrænni miðlun í menntunarlegum tilgangi gæti verið betri. Viljinn til þess að nýta tæknina meira er þó fyrir hendi. Forgangsröðun, kröfur frá eigendum, skortur á mannafla og þekkingu spilar saman og virðist gera það að verkum að fá söfn virðast sjá ástæðu til að taka þátt í eða hefja verkefni tengd stafrænni miðlun.

Niðurstöðurnar benda til þess að söfn eigi takmarkað frumkvæði að þróunarverkefnum á sviði stafrænnar miðlunar. Nýsköpun er lítil, og eins og áður hefur verið nefnt virðast söfnin helst fylla flokk „aðhalds og fylgjenda“ í þessum málum.

Með nýjum samningi Myndstefs og safna er mörgum hindrunum rutt úr vegi, en óvissa með höfundarrétt og mikill kostnaður því tengdur að birta höfundavarið safnefni hefur verið ein ástæða fyrir því að söfn hafa verið hikandi að fara að byggja upp viðveru safnsins í hinum stafræna heiminum.

Tækifærin eru til staðar fyrir söfnin að byggja upp fleiri tengingar og tengsl við það samfélag sem þau eru hluti af. Stafræn miðlun í margvíslegu formi verður vafalaust ríkur þáttur í áframhaldandi þróun safnastarfs, hvort sem um ræðir aðgengi að safnkosti, fræðsluefni, vefsýningar eða samskipti við gesti. Frumkvöðlastarf úr menntakerfinu og erlendis mun væntanlega hafa áhrif þar á. Samfélag sem er ofurtengt gerir kröfu um að söfnin séu það líka.



SAFNARÁÐ

The Museum Council of Iceland

Safnaráð
Október 2018